

Aðalfundur S.E.M. og H-SEM
Haldinn fimmtudaginn 30. apríl 2025. Á Kringlukránni
(Kringlunni 3 hæð) kl 18:00

Dagskrá.

- 1. Fundur settur.**
- 2. Kosning Fundarstjóra.**
- 3. Kosning fundarritara.**
- 4. Lögmæti fundarins.**
- 5. Dagskrá fundarins í liðum a - p.**
- 6. Önnur mál.**
- 7. Fundi slitið.**

1. Fundur settur.

Formaður SEM setti fund kl.18:00. Á fundinn eru mættir 10 félagsmenn og 2 aðstoðarmenn Semara. Mættir eru: Árni Geir, Arnar Helgi, Fannar Þ, Sunna Elv, Jóhann Rúnar, Víðir Þorst, Rúnar Björn, Aðalbjörg, Hákon Atli, Guðný G, Aðstoðarmen Egill fyrir Rúnar og Sigga fyrir Víði.

2. Kosning fundarstjórnanda.

Formaður SEM Arnar Helgi Lárusson stingur upp á að Hákon Atli Bjarkarson verði fundarstjóri, og það var samþykkt einróma.

3. Kosning fundarritara.

Fundarstjóri stingur upp á að Jóhann Rúnar verði fundarritari, og það var samþykkt einróma.

4. Lögmæti fundarins.

Fundarstjóri áréttar að fundurinn var boðaður með meira en mánaðar fyrirvara með tölvupósti 27.mars 2025 og auglýsingum og telst því löglegur.

5. Dagskrá fundarins í liðum a - p.

- a. Skýrsla stjórnar SEM um störf félagsins á liðnu ári lögð fram og lesin af formanni SEM Arnari Helga Lárussyni (Skýrsla fylgir fundargerð)
Fundarritari opnar fyrir spurningar fundarmanna,
Engin óskaði eftir að taka til máls.
- b. Skýrsla H-SEM (fylgir fundargerð) er sú sama og hjá SEM.
- c. Skýrsla annara nefnda lagðar fram ef einhverjar eru: Engar aðrar nefndir.

- d. Reikningar S.E.M. lagðir fram og skýrðir til samþykktar. Jóhann Rúnar gjaldkeri SEM fór yfir reikninga, og í framhaldi lagðir til samþykktar? reikningar SEM samþykktir einróma.
- e. Reikningar H-S.E.M. voru lagðir fram til kynningar.
- f. Tillaga um árgjald félagsins var óbreytt sem er 2000 kr. og samþykkt einróma.
- g. Lagabreytingar :(Lagabreytingar sem samþykktar voru á Aðalfundi SEM 10 apríl 2024. voru staðfestar á þessum fundi, Aðalfundur SEM og H-SEM 30.04.2025). Lagabreytingar voru sendar á félagsmenn með Aðalfundarboði 27.mars 2025. Voru staðfestar og taka þegar í gildi. Liðir j og k falla út.
- h. Kosning stjórnar.
Allir í stjórn SEM og H-SEM hafa gefið kost á sér til áframhaldandi setu en með breytingum þó eins og kom fram í skýrslu stjórnar gaf Arnar Helgi ekki kost á sér í formann SEM, Rúnar Björn hefur gefið kost á sér til formanns SEM og Arnar hefur gefið kost á sér í meðstjórnanda 1

SEM

Úr stjórn SEM ganga: Arnar Helgi, Jóhann Rúnar, Rúnar Björn og Hákon Atli.

Þeir sem gefa kost á sér eru: Rúnar Björn til formanns SEM, Jóhann Rúnar til gjaldkera, Arnar Helgi til meðstjórnanda 1 og Hákon Atli til meðstjórnanda 3. Ekkert mótframboð kom í formann SEM og Rúnar Björn kosinn einróma. Ekkert mótframboð kom í gjaldkera SEM Jóhann Rúnar kosin einróma til næstu 2 ja ára.

Ein tillaga barst 30. apríl'25 á tölvupósti frá félgsmanni Jóni Gunnari Benjamínssyni í stjórn SEM. Tvö sæti eru til kostninga, Kostning framkvæmd með handauppréttingu með samþykki allra fundarmanna.

Hver gjaldgengur fundarmaður mátti rétta upp hönd tvisvar.

Arnar Helgi fékk 9 uppréttingar

Hákon Atli fékk 9 uppréttingar

Jón Gunnar fékk 1 uppréttingu

Arnar og Hákon kostnir til næstu 2ja ára í stjórn SEM

Raðast þá svona:

Formaður: Rúnar Björn kosin til formanns í 1 ár

Gjaldkeri: Jóhann Rúnar Kristjánsson kosin til næstu 2 ára.

Ritari: Aðalbjörg Guðgeirsdóttir á 1 ár eftir

Meðstjórnandi 1: Arnar Helgi kosin til næstu 2 ára.

Meðstjórnandi 2: Sunna Elvíra Þorkelsdóttir á 1 ár eftir.

Meðstjórnandi 3: Hákon Atli kosin til næstu 2 ára.

Meðstjórnandi 4: Fannar Þorbergsson á 1 ár eftir.

H-SEM

Kosning í stjórn H-SEM

Úr stjórn H - SEM ganga: Aðalbjörg, Rúnar Björn, Hákon og Árni Geir.

Þeir sem gefa kost á sér: Aðalbjörg, Arnar Helgi, Hákon og Árni Geir.

Meðstjórnandi 1; Aðalbjörg Guðgeirsdóttir kosin til næstu 2 ára.

Meðstjórnandi 2 Jóhann Rúnar á 1 ár eftir.

Meðstjórnandi 3 Arnar Helgi kosin til næstu 2 ára.

Meðstjórnandi 4 Sunna Elvíra á 1 ár eftir.

Rúnar Björn kemur sjálfkrafa inn sem varaformaður en þar sem það er ekki formaður í H-SEM þá fer Rúnar inn sem meðstjórnandi 0

Varastjórnandi 1 Hákon Atli kosin til næstu 2 ára.

Varastjórnandi 2 , Fannar Þorbergsson á 1 ár eftir.

Varastjórnandi 3 Árni Geir kosin til næstu 2 ára.

- j. FELLUR ÚT Kosning í fulltrúaráð ÖBI: Tillaga um :
- k. FELLUR ÚT Kosning til vara í fulltrúaráð: Tillaga um :
- l. Kosning endurskoðenda reikninga S.E.M. Tillaga um .
Jónu Kristínu samþykkt einróma.
- m. Kosning í Orlofshúsanefnd: Tillaga um Jóhann R.Kristjánsson og Aðalbjörgu Guðgeirsdóttir. Samþykkt einróma.
- n. Fjáröflunarnefnd Vísað til stjórnar.
- o. Ritnefnd Vísað til stjórnar.
- p. Kosning annara nefnda Vísað til stjórnar..
- q. Önnur mál:
 - Guðný bað um orðið og vildi þakka fráfarandi formanni Arnari fyrir vel unnin störf sem formaður SEM til 12 ára og klappað var vel fyrir því.
 - Aðalbjörg viðraði þá hugmynd hvort SEM ætti ekki að kanna þann möguleika að eignast eða leigja Íbúð/hús á spáni, vel var tekið undir það.
- r. Fundi slitið.
Nýr Formaður SEM Rúnar Björn sleit fundi kl. 19:35

Fundagerð ritaði Jóhann Rúnar Kristjánsson.